

Ferðamannavegur um Norðurland – *Arctic Coastline Route* –

Norðurhjari, ferðaþjónustusamtök boða til kynningar á ”*Arctic Coastline Route*”, fyrsta ferðamannaveginum á Íslandi.

Leiðin liggur að mestu meðfram standlengju Norðurlands milli Sauðárkróks og Vopnafjarðar og er tilgangurinn að þróa nýtt aðdráttarafl fyrir norðurhluta Íslands fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.

Verkefnið hófst árið 2016 og er tilgangur fundarins að gefa innsýn inn í markmið, áherslur og fyrstu skref. Tækifæri gefst til umræðna og áhrifa á verkefnið og er m.a. leitað hugmynda á endanlegt nafn leiðarinnar.

Fundurinn fer fram á ensku.

Verkefnastjóri *Arctic Coastline Route* er Christiane Stadler; Dipl. Landfræðingur

Fundurinn verður haldinn í **Öxi á Kópaskeri fimmtudaginn 2. febrúar kl. 17:00**. Allir sem áhuga hafa eru velkomnir.

Skegla

Skegla kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst. Auglýsingar berist á netfangið skegla@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum. Skegla kemur næst út miðvikudaginn 8. febrúar 2017. Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heil síða 3.900,-. Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skegla

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
5. tbl. 8. árg. Miðvikudagur. 1. febrúar 2017

„LJÓÐAKVÖLD”

Miðvikudaginn 8. febrúar verður „ljóðakvöld” í Fræðasetri um forystufé á Svalbarði kl. 20:00.

Páll Jónasson í Hlíð flytur frumsamin ljóð.

Kristín Kristjánsdóttir í Syðri-Brekkum og Hjördís Hendriksen í Laxárdal lesa upp ljóð eftir uppáhaldsljóðskáldið sitt eða sín uppáhaldsljóð.

Allir ljóðaunnendur og aðrir velkomnir – Enginn aðgangseyrir.

Fræðasetur um forystufé



Raufarhöfn

Föstudagskvöldið 3.febrúar kl. 20:00-23:00

Kokteilkvöld í Kaffi Ljósfang

Netverslanirnar blackandbasic.com, Twins.is og
Minitrend mæta með vörurnar sínar.
Glæsilegt happdrætti, fatasala, flott tilboð og
frábær stemmning.

Opnunartími í Kaffi Ljósfang
Föstudagur 3.febrúar kl. 20:00-23:00
Laugardagur 4.febrúar kl. 12:00-15:00



Öxarfjörður í sókn


Foreldrar leikskólabarna og varðandi leikskólabarna á
Kópaskeri eru boðnir til fundar við Jón Höskuldsson starfsmann
Fræðslunefndar Norðurþings til að ræða framtíð leikskólans á
Kópaskeri.

Ræddar verða hugsanlegar leiðir varðandi vistun barna á
leikskólaaldri. Mikilvægt er að sem flestir mæti.

Fundurinn verður 9. febrúar klukkan 18:00 í Öxi.

Kveðja Silja, verkefnastjóri Öxarfjarðar í sókn og Jón,
Fræðslufulltrúi Norðurþings.





Norðurþing
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 7-9 – 640 Húsavík

**Tillaga að deiliskipulagi Heimskautsgerðisins á Raufarhöfn
ásamt umhverfisskýrslu**

Sveitarstjórn Norðurþings auglýsir hér með til almennrar kynningar tillögu að deiliskipulagi Heimskautsgerðisins á Raufarhöfn auk umhverfisskýrslu. Deiliskipulagstillagan sýnir þau mannvirki sem þegar hafa verið reist og skilgreinir skilmála um heildarásýnd svæðisins til lengri tíma. Skilgreind er aðkomuleið að svæðinu og hvernig ætlunin er að koma fyrir bílastæðum. M.a. er þar gert ráð fyrir upphækkuðum stíg/brú frá bílastæði að Heimskautsgerðinu. Deiliskipulagstillagan er sett fram á uppdrætti á blaðstærð A2 auk greinargerðar sem inniheldur umhverfisskýrslu í A4 hefti.

Skipulagstillagan ásamt umhverfisskýrslu verða til sýnis á sveitarstjórnarskrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík og á skrifstofu sveitarfélagsins á Raufarhöfn frá 3. febrúar til 17. mars 2017. Ennfremur verður hægt að skoða skipulagstillöguna á heimasíðu Norðurþings (nordurthing.is). Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til föstudagsins 17. mars 2017. Skila skal skriflegum athugasemdum til sveitarstjórnarskrifstofu Norðurþings að Ketilsbraut 7-9 á Húsavík. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

Húsavík 27. janúar 2017
Gaukur Hjartarson
skipulags- og byggingarfulltrúi



Raufarhöfn og framtíðin
Íbúafundur 16. febrúar 2017

Verkefnið Raufarhöfn og framtíðin auglýsir íbúafund þann
16. febrúar klukkan 18:00 í Hnitbjörgum.

Á íbúafundinum verður farið yfir markmið verkefnisins og vinnu er þeim tengist. Einnig verða kynnt verkefni sem hlotið hafa styrk frá Raufarhöfn og framtíðinni.

Gert er ráð fyrir umræðum um stöðu mála og eru íbúar hvattir til að mæta og koma skoðunum sínum á framfæri. Mikilvægt að íbúar viti hvernig staðan er og séu þátttakendur í ferlinu. Súpuhlé verður gert klukkan 19:00 til að fólk fari hresst og nært inn í seinni hluta fundarins. Vonumst til að sjá sem flesta.

Kveðja Silja Jóhannesdóttir, verkefnisstjóri Raufarhafnar og framtíðarinnar

Raufarhöfn og framtíðin - Brothættar byggðir

Afleysing vegna fæðingarorlofs í útibúi Lyfju Þórshöfn

Við leitum að sjálfstæðum og skipulögðum starfsmanni með ríka þjónustulund í sölu- og afgreiðslustarf til að leysa af starfsmann í útibúi Lyfju á Þórshöfn sem fer í fæðingarorlof.

Miðað er við að starfsmaður geti byrjað 15. mars 2017 og unnið til 15. janúar 2018. Starfið felst í ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra.

Um er að ræða 60% starf. Vinnutími er frá kl. 10-16 fjóra daga í viku. Ráðið verður í stöðuna sem fyrst.

Hæfniskröfur

Reynsla af verslunarstörfum er æskileg og reynsla úr apóteki er kostur. Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um störf hjá fyrirtækinu.

Nánari upplýsingar gefur Ingólfur Magnússon, lyfsali Lyfju Húsavík í síma 464-1212 eða 693-2232, ingolfur@lyfja.is. Vinsamlegast sendið umsókn til viðkomandi lyfsala.

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Porrablót á Þórshöfn 2017 😊

Porrablót verður haldið laugardaginn 11. febrúar á Þórshöfn. Húsið opnar kl. 19:30 og dagskrá hefst kl. 20:00.

Skráningarblöð liggja frammi í Kjörbúðinni og hjá Hafliða á Bakkafirði, skráningu lýkur kl. 19:00 midsvikudaginn 8. febrúar.

Ákveðið var að halda í þann gamla þjóðlega sið að gestir komi með matinn með sér að heiman í trogum ásamt hnífapörum.

Vatn, gosdrykkir, glös og diskar verða á borðum.

Midaverð:

Skemmtun+ball: 5000 kr. – skemmtun: 2000 kr. – dansleikur: 3000 kr.

Aldurstakmark 18 ára (árið gildir).

Míðar verða afgreiddir í Þórsveri föstudaginn 10. febrúar milli kl. 17-19.

Einnig er hægt að nálgast miða og koma með trog á laugardeginum milli kl. 16-18 í íþróttahúsið.

Hægt er fá lánud trog. Setjið ykkur í samband við Jónas í síma 892-3958.

Bordhald og skemmtun mun fara fram í íþróttahúsinu Sportveri, að því loknu færum við okkur í Þórsver til að dansa 😊

Hljómsveitin SOS sér svo til þess að við dönsuð af okkur skóna !

